

Nd.

385. Nefndarátt

um frumv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klofnað um málið, og álitur minni hlutinn færslu kjördagsins við kjördæmakosningar frá fyrsta vetrardegi til 1. júlí vera óverjandi með öllu. Í júlíbyrjun eru menn við sjávarsíðuna, og þó aðallega verkafólkið, með hugann fullan af atvinnunni, önnum kafið og mikill fjöldi þess er sjarri heimilum sínum, flytur sig eftir sumarátvinaunni upp í sveitir, norður og austur

á land til sildveiða og fiskveiða. Mundi því vera mjög erfitt fyrir þennan hluta kjósenda að nota atkvæðisrjett sinn, því að ávalt yrðu lítið notaðar kosningar utan kjörstaðar, jafnvel þótt lögum væri svo breytt, að menn gætu kosið á dvalarkjörstað. Jafnvel fyrir bændur virðist fyrsti vetrardagur yfirleitt miklu heppilegri kjördagur en 1. júlí, því að annir bænda eru meiri 1. júlí og hugurinn fullur af umhugsun um heyskapartímann framundan. Stjórn málaá huginn meðal kjósenda mundi því verða miklu minni, ef kjördagur yrði 1. júlí, enda sama sem enginn tími eftir þing til þess að kynna kjósendur málum þeim, sem þar eru teknar ákvarðanir um. Á þessari færslu kjördagsins mundu þeir hagnast, sem minst eru uppteknir af vinnu þennan tíma ársins og óska eftir sem mestum dauða í stjórn máluum.

Hríðarveður og ófærð hafa hingað til ekki dregið að ráði úr kosningasókn fyrsta vetrardag, nema síðastliðið haust í tveim sýslum á norðausturkjálka landsins. En þar sjest ekki, að veður þetta hafi verið slíkt gerningaveður, að það hafi dregið meira úr sókn eins stjórn mála flokksins heldur en annars, svo að niðurstaða kosninganna þegar kosið væri í þeim kjördæmun mundi varla breytast, þótt óveður væri á kjördegi. En sje notuð heimild sú, sem nú er í lögum, að hafa fleiri en einn kjörstað í hreppi, mundi veður varla geta hamlað að neinu ráði kosningasókn, og þess ber þó að gæta, að samkvæmt 45. gr. kosningalaganna er hægt að fresta kjördegi þar, sem ófært þykir að láta kjósa vegna óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Óhagræði það, sem hugsanlegt er að stafi af því að hafa kjördag 1. vetrardag, er því lítið í samanburði við að flytja kjördaginn til 1. júlí, er drægi úr stjórn málaá huga kjósenda og gerði svo mikla örðugleika á kosningaþátttöku bæjarmanna, og sjerstaklega verkalýðsins, að telja má víst, að þátttakan í kosningum minkaði þar stórum. En einmitt íbúar landsins við sjávarsíðuna, og þá fyrst og fremst verkalýðurinn, eiga rjettlætiskröfu til þess að njóta margfalt betur kosningarrjettar síns heldur en fæst með hinni úreltu gildandi kjördæmaskipun. Má telja það furðulegt, að þingmenn fáist til að flytja frumvarp, er sviftir þennan hluta landsmanna enn meir möguleikum þeirra til að hafa áhrif á stjórn landsins.

Hinsvegar telur minni hlutinn þó rjett að gera enn nánari ráðstafanir til þess, að menn geti neytt kosningarrjettar síns, sjerstaklega í sveitum, með því að hafa kjörfund minst þjá sólarhringa þar, en 12 stundir í bæjum, og eru þessar breytingar þær sömu, sem þm. Dalamanna (Bjarni Jónsson frá Vog) flutti 1924.

Af framantöldum ástæðum leggur minni hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Fyrri málsgrein 23. gr. laga nr. 28, 3. nóv. 1915, skal vera sem hjer segir:

sama dag um land alt, hinn fyrsta dag vetrar. Skulu þær standa yfir fullar tólf stundir í bæjum, en fulla þrjá sólarhringa í sveitum.

2. Á eftir 1. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. 27. gr. laganna skal vera svo:

Einni stundu fyrir hádegi skal kjörfundur hafinn, og skulu þá kjörstjórar allir vera komnir á kjörstað. Nú eru nokkrir þeirra ókomnir, og kveðja þá hinir kjörstjórnarnir mann eða menn úr flokki kjósenda til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti, þótt binir komi síðar.

b. 38. gr. laganna skal hljóða svo:

Atkvæðagreiðslu má eigi slíta í bæjum fyr en tólf stundir eru liðnar frá upphafi hennar, og eigi í sveitum fyr en þrjú sólarhringar eru liðnir frá því er hún hófst, nema allir kjósendur hafi neytt atkvæðisrjettar, þeir sem á kjörskrá eru.

Þá er allir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiða þingmannaefnin og umboðsmenn þeirra atkvæði, á sama hátt sem aðrir kjósendur, ef þeir hafa kosningarrjett, svo og kjörstjórnin. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, sem nefndir eru í fyrri málsgrein 37. gr., og þeim fengnir nýir seðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlar endast. Í sveitum má þó láta þessa kjósendur greiða fyr atkvæði en hjer var sagt, ef nauðsyn krefur, að þeir geti farið ferða sinna, og aldrei síðar en að kvöldi þess dags, er þeir komu til kjörstaðar.

3. Við 2. gr. Greinin verður 4. gr.

4. Á eftir þeirri gr. kemur ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

Þá er lög þessi hafa fengið staðfesting konungs, skal færa breytingar þessar inn í lög nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis, og gefur konungur þau síðan út í samfeldri beild.

Alþingi, 19. apríl 1927.

Hjedinn Valdimarsson.